

Skýrsla verkefnisstjóra innra mats

Skólaárið 2008-2009

Mat á innra starfi skólans er sífellt í gangi á ýmsum vettvangi í skólanum. Reglulegir kennarafundir eru haldnir og er þar rætt um ýmis mál þar sem stjórnendur og kennarar leita bestu leiða til úrlausna eða tilhögunar. Umsjónafundir eru hluti af innra mati, þar sem kennarar hitta umsjónarnemendur sína sem hóp og ræða saman um hin ýmsu málefni auk þess að umsjónakennarar ræða við hvern og einn nemanda í einkaviðtali. Nemendapjónustan hefur fasta teymisfundi þar sem hvort tveggja málefni einstakra nemenda og svo ekki síður aðferðir skólans til þess að mæta þörfum nemenda eru ræddar. Deildafundir fást við málefni sem snúa að faglegum þáttum, greinabundnum álitamálum og kynningu á nýmælum. Matsfundir af ýmsum toga og hverskyns endurskoðun er því sífellt í gangi og ekki eingöngu bundin innra mats hópi.

Á fyrsta kennarafundi haustannar auglýsti skólameistari eftir áhugasömu fólki til starfa við innra mat. Undirritaður hafði verið ráðinn verkefnisstjóri í stað Arnars Sigbjörnssonar sem tók við áfangastjórn. Þeir sem buðu sig fram til verksins voru: Jóney Jónsdóttir, Sigrún Hrafnisdóttir, Guðmundur Tulinius, Arnar Sigbjörnsson og Sigrún Blöndal. Fyrsti fundur hópsins var haldinn 10. september og var þar rætt um verkefni vetrarins samkvæmt áætlun. Áfangamat er orðið fastur liður í innra mati. Hugmynd um breytta framkvæmd kom fram og var samþykkt að vinna eftir henni. Hún gengur út á það að einfalda matið, fækka áföngum, gera tilviljanaúrtak þannig að einn áfangi hjá hverjum kennara/nemanda verði metinn. Einnig kom fram á fundinum að endurskoða bæri spurningalistann og fékk verkefnisstjóri Jóneyju og Sigrúnu til þess að fara yfir listann og gera tillögur um gerð hans. Einkum var til þess ætlast að taka út spurningar sem bókstaflega fóru fram á neikvæðar athugasemdir nemenda. Að lokum var rætt um önnur verkefni annarinnar og velt vöngum yfir því hvað bæri að gera. Rætt var um einskonar úttekt á námsmati, en ákveðið að fókusa á fjarkennslu, skoða einhverja þætti sem varða þá nýju áherslu í starfi skólans. Verkefnisstjóri ræddi við Báru Mjöll fjarkennslustjóra um það hvaða þætti sé eðlilegt að skoða. Bára kom síðar á fund með hópnum þar sem tilhögun þessarar könnunar var rætt. Niðurstaða umræðna var að leggja skyldi áherslu á eftirtalda þætti:

1. Undirbúningur fjarkennara bæði kennslufræðilega og tæknilega, hvað hvernig.
2. Líðan og afstaða, stuðningur og samskipti.
3. Praktískir þættir, greiðslur, tími, undirbúningur ofl.

Í tengslum við vangaveltur um þessa fjarkennslukönnun var rætt um nauðsyn þess að gera sérstaka viðhorfakönnun meðal fjarnema.

Þessar tvær kannanir voru svo lagðar fyrir í nóvember. Áfangamatskönnunin var sett inn á kennsluvef og nemendum gefinn tími í hluta einnar kennslustundar til þess að meta áfanga sína. Eins og áður gekk þetta áfallalaust fyrir sig, nemendur voru fljótir að klára verkið enda var það minna í sniðum nú en áður. Það var rætt í hópnum hvort áfangamat í öllum áföngum á öllum önnum sé hugsanlega of mikið. Það kom fram hugmynd um að framkvæma

alsherjarmat aðra eða þriðju hverja önn, en þess á milli meta nemendur einn áfanga samkvæmt tilviljanaúrtaki. Þetta dregur eitthvað úr vinnu við áfangamatið en aftur á móti er spurning um það hvort kennarar og stjórnendur telja það nægja. Verkefnisstjóri hefur kynnt sér hvaða fyrirkomulag tíðkast í skólum hvað varðar áfangamat. Niðurstaðan er sú að í sumum skólum er áfangamat næsta sjaldgæft, í öðrum er það framkvæmt aðra til þriðju hverja önn og í fáum skólum er áfangamatið á dagskrá á hverri önn. Hugsanlega snýst málið um tilgang áfangamatsins. Fyrir hverja er áfangamatið? Er það fyrir nemendur, að þeir geti tjáð sig og metið fagið eða kennara sína eða er það fyrir kennara, að kennarar spegli sjálfa sig og aðferðir sínar í mati nemenda. Hvort tveggja er mikilvægt, en það þarf að íhuga þessi mál og taka ákvörðun í upphafi haustannar um það hvernig við viljum haga þessu. Verkefnisstjóra er kunnugt um að í nokkrum skólum tíðkist svokallaðir matsfundir eða áfangamatsfundir, þar sem nemendur meta áfanga og kennslu. Slík tilhögun hefur gefist mjög vel þar sem hún hefur verið reynd og hægt að nálgast upplýsingar um framkvæmdina.

Niðurstöður beggja kannana og greinargerðir með þeim er að finna á vef skólans. Í umræðunni um fjarkennarakönnunina kom fram hugmynd þess efnis að gera athugun á viðhorfum fjarnema. Fjarnám við skólann hefur breyst og aukist. Fjarnámsvefurinn er orðinn að virkara tæki og fjarnemum farið fjölgandi á undanförnum fjórum önnum. Með ráðningu kennslustjóra fjarkennslu hefur skipulag og eftirlit aukist og er þar ekki síður átt við þætti sem snúa að kennurum. Fjarnemar hafa ekki átt þess kost að taka þátt í áfangamati því sem dagskólanemar gera, enda ekki auðvelt að leggja samskonar matsþætti fyrir dagskóla- og fjarnemendur. Það er eftirsóknarvert fyrir skólann að afla frekari upplýsinga um viðhorf fjarnema, enda má segja að í fjarnáminu felist sóknarfæri. Það þyrfti að aðlaga hið venjubundna áfangamat að fjarkennslu/fjarnám, en auk þess inna fjarnema eftir viðhorfum þeirra til vinnureglna um fjarnámið og síðan að kanna almennt viðhorf og væntingar fjarnema. Slíka könnun er hægt að framkvæma á fremur einfaldan hátt með rafrænum hætti á kennsluvef.

Í gögnum skólans og í Innu er að finna miklar upplýsingar um hvaða árangur er af starfi og aðferðum skólans. Í innu er t.d. hægt að skoða einkunnadreifingu eftir áföngum, fall í áföngum eftir önnum og brottfall og margt fleira. Í gagnasafni skólans eru mikil verðmæti fólgin sem hugsanlegt er að nýta betur. Liður í innra mati skólans hefur verið að skima eftir útskrifuðum nemendum, fá mat þeirra á einstökum þáttum í tilhögun námsins og hafa nemendur iðulega brugðist vel við þegar til þeirra hefur verið leitað. Á Hagstofu Íslands er gagnagrunnur um skóla- og menntamál, þar sem finna má svör við ýmsum spurningum. Þannig er til að mynda hægt að fá upplýsingar um það hversu stór hluti útskrifaðra stúdenta hefur lokið framhaldsnámi í háskóla, hvaða námi þeir hafa lokið, hversu hátt hlutfall hefur þarfleiðandi ekki lokið námi og jafnvel mögulegt að skoða hverskonar nemendur það eru sem ekki hafa lokið neinu framhaldsnámi. Ákveðið var eftir tvo stutta fundi verkefnisstjóra með áfangastjóra og skólameistara að gera formlegt erindi til Hagstofu um þetta. Ákveðið var að tilteknir útskriftarárgangar yrðu teknir út og var fyrirspurn send 27. október. Úrvinnslan tók töluverðan tíma en að lokum bárust skólanum mjög forvitnilegar upplýsingar um afdrif stúdenta. Það er mikilvægt fyrir skólann að hafa slíkar upplýsingar ekki síst þegar breytingar í kjölfar nýrra laga eru framundan. Úrvinnsla þessara gagna stendur enn yfir og verða niðurstöður settar á heimasíðu skólans þegar vinnu við þær verður lokið.

Samkvæmt verkefnaáætlun var á vorönn komið að nemendakönnun. Í nóvember barst skólanum niðurstaða rannsóknar sem Rannsóknir og Greining gerðu á viðhorfum og högum framhaldsskólanema á Íslandi. Á fundi í innra mats hóps gerði verkefnisstjóri grein fyrir niðurstöðum sem varða Menntaskólann á Egilsstöðum sérstaklega. Niðurstöðurnar fela í sér fremur dökka mynd varðandi ákveðna þætti, einkum og sér í lagi þætti sem varða afstöðu og viðhorf ákveðins hluta nemenda til skólans. Var ljóst að hópurinn átti flókið og viðamikil verk fyrir höndum enda augljóst að fyrirhuguð könnun tæki mið af niðurstöðum nefndrar könnunar. Á starfsdögum í upphafi vorannar var undirbúningur nemendakönnunar hafinn. Mótun spurningalista var verkefni nokkurra funda, en leitast var við að hafa spurningar samanburðarhæfar við könnunina sem lokið var vorið 2006 og ekki síður var höfð hliðsjón af spurningalista Rannsóknar og Greiningar, enda voru þar ýmsir þættir sem hópurinn hafði áhuga á að staðfesta eða skoða nánar. Gerð spurningalista var mikið verk og fóru miklar umræður fram um einstaka þætti hans. Náms hópi í aðferðafræði félagsvísinda (FÉL 403) var falið að slá inn breytuskilgreiningar í SPSS og urðu skilgreiningar alls 146. Nemendur skiptust á að skilgreina breytur og gekk sú vinna mjög vel enda duglegur og samviskusamur hópur að verki. Könnunin var lögð fyrir nemendur í síðustu vikunni í mars. Var sú tilhögun höfð að kennarar tóku könnunina með sér í kennslustund og nemendur fylltu hana út. Heimtur voru dágóðar eða rétt rúmlega tvö hundruð. Innsláttur gagna hófst síðan strax og stendur enn yfir þegar þetta er skrifað, hafa nemendur lokið u.þ.b. þriðjungi og mun verkefnisstjóri ljúka þeirri vinnu á næstu dögum. Nemendum í aðferðafræðihópnum skal hér þakkað fyrir dugnað við þessa vinnu, þeir stóðu sig með miklum ágætum. Það er ljóst að niðurstöður þessarar könnunar verða ekki gerðar kunnar fyrr en í byrjun haustannar. Verkefnisstjóri mun þó kappkosta við að hafa bráðabirgðaútkerfslu á tíðnitöflum aðgengilega fyrir stjórnendur nú í vor.

Á skólaárinu voru haldnir 16 formlegir fundir samkvæmt fundargerðum og 4-5 fundir þar sem hluti hópsins fundaði eða verkefnisstjóri fundaði með stjórnendum. Samkvæmt samantekt fjármálastjóra hafa verið greiddar 124.5 klst. í yfirvinnu fyrir fundarsetu og vinnu við verkefni af ýmsum toga. Vinna verkefnisstjóra er ekki falin í þessum tímum enda er honum greitt fyrir vinnu með öðrum hætti. Þess skal hér getið að stjórnendur (Arnar Sig. og Sig. Blö) sem hafa starfað með hópnum í vetur hafa að eigin frumkvæði kosið að skrifa ekki tíma á alla vinnuna sem þau hafa tekið að sér, en hafa litið þannig á að vinnan væri að einhverju leyti innan stjórnunarþáttar. Þetta þarf að skoða betur og skilgreina nákvæmar. Það þarf einnig að skilgreina nákvæmar mælingu á vinnu verkefnisstjóra. Þetta þarf að skoða betur og skilgreina nákvæmar. Í haust er komið að endurskoðun framkvæmdaáætlunar innra mats í skólanum. Það er mikilvægt að þá komi allir kennarar við sögu og í upphafi annar verði skapaður vettvangur þar sem umræða um tilgang og hlutverk innra mats verði til umfjöllunar. Það þarf að taka afstöðu til þess hvort breyta eigi hlutverki hópsins og hugsanlega að gera hann virkari í eftirfylgni niðurstaðna rannsókna og í tillögugerð varðandi stefnumörkun. Það er ljóst að Sigrún Blöndal fer í leyfi í haust og þakkar verkefnisstjóri henni samstarfið fyrir hönd hópsins. Það þarf að fylla hennar skarð. Að öðru leyti mun hópurinn starfa óbreyttur næsta haust og er það vel. Að lokum þakkar verkefnisstjóri innra mats hópi og stjórnendum fyrir samstarfið á skólaárinu.

Jón Ingi Sigurbjörnsson, verkefnisstjóri.